



Aðventutónleikar

Kvennakórs Akureyrar

Hofi 25. nóvember 2012

Haldnir til styrktar

Mæðrastyrksnefndar Akureyrar



Stjórnandi: Daníel Þorsteinsson

Meðleikarar:

Aladár RácZ á píanó,

Emil Þorri Emilsson á slagverk

og Stefán Daði Ingólfsson á bassa



Með kórnum koma fram einsöngvararnir

Eyrún Unnarsdóttir og

Friðrik Ómar Hjörleifsson

Eyrún Unnarsdóttir

Eyrún Unnarsdóttir er fædd og uppalin á Akureyri. Þar hóf hún sína tónlistarmenntun ung að aldri í Tónlistarskólanum á Akureyri. Eftir stúdentspróf stundaði hún nám í 5 ár við Tónlistarháskólann í Vínarborg undir handleiðslu Leopolds Spitzers og lauk þaðan tveimur diplómaprófum. Hún hefur sungið einsöng við fjölda tilefna hér á landi sem og í Vínarborg, tekið þátt í þónokkrum verkefnum og óperuuppfærslum. Nú síðast söng hún hlutverk seiðkonunnar í uppfærslu Hymnodiu á Dido og Aeneas eftir Henry Purcell sem flutt var í Hofi í apríl og september 2012.

Friðrik Ómar Hörleifsson

Friðrik Ómar fæddist á Akureyri, bjó sín fyrstu ár á Steinsstöðum í Öxnadal en flutti síðan til Akureyrar og hóf þar skólagöngu. Árið 1988 flutti Friðrik síðan til Dalvíkur. Móðir hans segir að hann hafi sungið áður en hann gat talað og hann kom fyrst opinberlega fram á skólasýningu þegar hann var 8 ára. Hann byrjaði snemma að spila á gítar og píanó og var aðeins 10 ára þegar hann samdi sitt fyrsta lag. Friðrik Ómar hafði þegar gefið út tvær sóló plötur þegar hann varð 18 ára og spilaði á sérstökum tónleikum fyrir forseta Íslands. Hann hefur tekið þátt í fimm vinsælum tónlistarsýningum á

Broadway, unnið með mörgum af færustu hljóðfæraleikurum og söngvurum þjóðarinnar og verið í forsvari fyrir nokkrar hljómsveitir. Friðrik söng framlag Íslands, „This is my life“, ásamt Regínu Ósk í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva árið 2008. Friðrik hefur hljóðritað yfir 150 lög sem komið hafa út á plötum.

Daníel Þorsteinsson

Daníel Þorsteinsson píanóleikari er fæddur í Neskaupstað og hóf þar sitt tónlistarnám. Hann lauk burtfarar- og píanókennaraprófi frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar 1986 og stundaði framhaldsnám við Sweelinck tónlistarháskólann í Amsterdam, þaðan sem hann lauk prófi árið 1993. Daníel hefur komið fram sem einleikari m.a. með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands sem og í samleik með einsöngvurum og smærri tónlistarhópum; auk þess sem hann hefur haldið námskeið í píanóleik, bæði hér á landi og á Spáni. Hann er félagi í Caput og hefur haldið tónleika með hópnum víða í Evrópu auk Norður-Ameríku og Asíu. Daníel hefur samið og útsett tónlist s.s. fyrir leikhús, kóra og einsöngvara og leikið inn á fjölda hljómdiska tónlist af ýmsu tagi. Daníel var tilnefndur bæjarlistamaður á Akureyri árið 2000, býr nú í Eyjafjarðarsveit og gegnir m.a. starfi organista við Laugalandsprestakall í Eyjafirði.

Efnisskrá

Aría

Lag: J.S. Bach.

Úts.: Malcolm V. Edwards

Jesú mín morgunstjarna

Íslenskt þjóðlag (úr Hólabók 1619)

Ljóð: 1. erindi höf. ókunnur, 2. og 3. erindi Magnús Runólfsson

Radds.: Jón Þórarinsson.

Vögguljóð Maríu

Lag: Max Reger.

Ljóð: Hinrik Bjarnason.

Umvafin englum

Ljóð: Valgeir Skagfjörð.

Lag: Sarah McLachlan.

Radds.: Gunnar Gunnarsson

Við arineld

Ljóð: Kristján frá Djúpalæk

Lag: Magnús Eiríksson

Úts.: Daníel Þorsteinsson

Always on my mind

Lag og ljóð: Christopher, James & Carson.

Radds.: Daníel Þorsteinsson.

Outside the ring

Lag og ljóð: Friðrik Ómar

Radds.: Daníel Þorsteinsson

Hin drifhvíta mjöll

Lag: Jaan Alavere

Ljóð: Friðrik Steingrímsson

Hátíð fer að höndum ein

Íslenskt þjóðlag

Ljóð: 1. erindi þjóðvísa, 2.-5. erindi

Jóhannes úr Kötlum

Yfir fannhvíta jörð

Lag: Miller & Wells.

Ljóð: Ólafur Gaukur.

Spáðu í mig

Lag og ljóð: Megas.

Úts.: Daníel Þorsteinsson.

Það er bara þú

Lag: Arland & Ravi.

Ljóð: Loftur Guðmundsson.

Winter wonderland

Lag: Felix Bernard.

Ljóð: Richard B. Smith.

It's beginning to look a lot like Christmas

Lag og ljóð: Johnny Mathis

Grýlukvæði

Lag: Ingibjörg Þorbergs.


Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

Radds.: Skarpi

Jólanótt

Lag: Daníel Þorsteinsson.

Ljóð: Sverrir Pálsson



Hlé

Kvennakór Akureyrar vill þakka:

Daníel Þorsteinssyni fyrir kórstjórnina, Eyrúnu Unnarsdóttur og Friðriki Ómari Hjörleifssyni fyrir sönginn og Aladár Rác, Emil Þorra Emilssyni og Stefáni Daða Ingólfssyni fyrir undirleikinn.

Kórinn þakkar einnig eftirtöldum fyrir veittan stuðning:



Landsbankinn

Ásprent

N4

Karлакór Eyjafjarðar

Freydís Heiðarsdóttir

Nonni Travel

Ferrosink

Frost

Bjarni Fannberg

Kamilla Hansen

